

## Aðfanga- og vörslustefna um einkaskjalasöfn í Héraðsskjalasafninu á Akureyri<sup>1</sup>

### Hugtök

*Skjal:* Hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.

*Skjalasafn:* Orðið skjalasafn hefur fleiri en eina merkingu en hér er það notað um safn skjala sem til verða hjá einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og embættum. Þegar lög nr. 77/2014 ber á góma er átt við opinber skjalasöfn sem stofnanir, þ.e. Þjóðskjalasafn Íslands og héraðsskjalasöfn, en að öðru leyti ræðst það af samhengi hvað við er átt.

*Einkaskjalasafn:* Er skjalasafn sem ekki er afhendingarskylt skv. lögum 77/2014 um opinber skjalasöfn. Tegundir einkaskjalasafna eru: Skjalasöfn einstaklinga, skjalasöfn félagasamtaka, skjalasöfn fyrirtækja og félaga og skjalasöfn annarra s.s. sjóða, safna og söfnuða.

*Opinber skjalasöfn:* Hér notað um skjöl stofnana ríkis og sveitarfélaga og önnur skjalasöfn sem afhendingarskyld eru til opinberra skjalasafna skv. lögum og reglugerðum, svo sem skjalasöfn opinberra embætta, ráða og nefnda.

### Tilgangur og markmið

- Með aðfanga- og vörslustefnu er tryggara að varðveislu einkaskjalasafna sé hagað með skipulegum hætti og á faglegum forsendum.
- Það er æskilegt að safnkostur opinbers skjalasafns endurspegli samfélagið á hverjum tíma og því er nauðsynlegt að einkaskjalasöfn varðveitist ekki síður en skjöl opinberrar stjórnýslu.
- Í einkaskjalasöfnum er sjónarhornið oft annað en í opinberum skjölum og í einkaskjölum geta verið aðrar upplýsingar en eru í opinberum skjölum og eru hvergi annars staðar.
- Einkaskjöl geta verið einstakar heimildir og frumheimildir og eru því mikilvæg í rannsóknum og fyrir fræðafólk.
- Opinber skjöl geta fengið annað og meira gildi þegar kostur er á að nýta þau í tengslum við einkaskjöl.

---

<sup>1</sup> Stefnan er að verulegu leyti samin með hliðsjón af aðfanga- og vörslustefnum Héraðsskjalasafns Árnesinga og Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu

- Í einkaskjalasöfnum geta falist bein og óbein réttindi einstaklinga s.s. fjárhagsleg réttindi, eignarréttindi og starfsréttindi.

## Lagastoð

Í lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er kveðið á um söfnun, varðveislu og not einkaskjalasafna í opinberum skjalasöfnum.

Í 16. gr. áðurnefndra laga segir:

*Opinberu skjalasafni er heimilt að taka við skjölum annarra en afhendingarskyldra aðila til varðveislu og eignar ef þau eru talin hafa mikilvæga þýðingu fyrir hlutverk safnsins skv. 13. gr. Þegar sérstaklega stendur á er opinberu skjalasafni þó heimilt að taka við slíkum skjölum með skilyrði um að þau verði ekki gerð aðgengileg í ákveðinn tíma, en hann má lengstur vera 80 ár og er heimilt að hafa ólík tímaviðmið um aðgang almennings annars vegar og fræðimanna í skilningi 8. mgr. 37. gr. hins vegar. Að öðru leyti gilda ákvæði þessara laga um aðgang að slíkum skjalasöfnum eftir því sem við getur átt.*

*Þegar eigur manns renna til ríkissjóðs skv. 55. gr. erfðalaga skulu skjöl hans, ef einhver eru, afhent Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalaverði er heimilt að fela héraðsskjalasafni varðveislu skjala sem Þjóðskjalasafni kunna að berast samkvæmt þessu ákvæði.*

*Hafi maður í vörslum sínum einkaskjalasafn sem enginn á eignarrétt að er honum skylt að afhenda það Þjóðskjalasafni Íslands. Þjóðskjalaverði er heimilt að fela öðru safni varðveislu skjala sem Þjóðskjalasafni kunna að berast samkvæmt þessu ákvæði.*

*Þjóðskjalavörður skal beita sér fyrir að gert verði samkomulag milli opinberra skjalasafna og annarra stofnana sem málið varðar um hvernig varðveislu einkaskjalasafna verði best háttað á opinberum vettvangi.*

Í 13. gr. laganna segir:

*Hlutverk opinberra skjalasafna er m.a. að: ... 6. leitast við að afla annarra heimilda en frá afhendingarskyldum aðilum til að tryggja sem best að heimildir um þjóðarsöguna varðveitist.*

Í 20. gr. laganna er kveðið á um miðlun þjóðarsögunnar, m.a. á grundvelli einkaskjala, en greinin hljóðar svo:

*Opinber skjalasöfn skulu vinna að því að gera mikilvæg skjöl aðgengileg almenningi, svo sem á vef sínum eða með öðrum hætti, og veita fræðslu um sögu þjóðarinnar eða byggðarlaga á grundvelli skjala í vörslu þeirra.*

Í 4. gr. reglugerðar nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn er einnig komið inn á hlutverk héraðsskjalasafna við varðveislu einkaskjalasafna:

*Héraðsskjalasöfn skulu leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu.*

## Stefnan

Héraðsskjalasafnið á Akureyri hlaut formlega staðfestingu 1. júlí 1969 en unnið hafði verið að stofnun þess síðan 1967. Safnið starfar skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri hefur eftirlit með skjalavörslu sveitarfélaga og stofnana á þeirra vegum á starfssvæði safnsins og tekur skjöl þeirra til varðveislu. Sveitarfélögin sem um ræðir eru Akureyrarbær, Eyjafjarðarsveit, Grýtubakkaheppur, Hörgársveit og Svalbarðsstrandarhreppur.

Safnið hefur frá upphafi tekið við einkaskjölum af ólíkum uppruna til varðveislu og mun gera það áfram.

### Leiðarljós við söfnun og varðveislu einkaskjalasafna:

- Héraðsskjalasafnið á Akureyri skal leitast við að fá til varðveislu skjöl einstaklinga, félagasamtaka, fyrirtækja og annarra sem gildi þykja hafa fyrir sögu umdæmisins og/eða íbúa þess.
- Aðfanga- og vörslustefna skuldbindur Héraðsskjalasafnið á Akureyri ekki til móttöku einstakra skjalasafna, tekin er ákvörðun í hverju tilviki m.a. með hliðsjón af aðfangastefnunni og þeim skjölum sem þegar eru varðveitt á safninu.
- Þegar Héraðsskjalasafnið á Akureyri sækist eftir að taka til varðveislu einkaskjöl sem eru utan umdæmis þess er það því aðeins að þau hafi gildi fyrir sögu sveitarfélaganna og/eða hafi verið mynduð þar.
- Stefna skal að samstarfi við önnur opinber skjalasöfn um aðfangastefnu og varðveislu. Virða skal vilja eigenda enda skiptir mestu að varðveisla einkaskjalasafna sé tryggð og þau sundrist ekki.
- Héraðsskjalasafnið á Akureyri tekur við skjölum einkaaðila óháð formi og án skilyrða nema um það sé samið sérstaklega. Um leið áskilur safnið sér rétt til þess að afrita gögn með þeim aðferðum sem bestar þykja hverju sinni.
- Um hverja afhendingu einkaskjala skal gera afhendingarsamning, eftir því sem kostur er. Um skilyrði og kvaðir skal samið sérstaklega.
- Héraðsskjalasafnið á Akureyri fylgir ákvæðum laga og reglugerða um opinber skjalasöfn við öflun, vörslu, varðveislu og aðgengi að einkaskjalasöfnum. Stefna ber að því að kvaðir um aðgengi að einkaskjalasöfnum í vörslu safnsins séu sem minnstar umfram ákvæði laga. Unnið skal eftir grunnviðmiðum faglegrar skjalavörslu, s.s. eftir innri og ytri upprunareglu, siðareglum skjalavarða og öðrum faglegum viðmiðum um frágang og skráningu skjalasafna.
- Við söfnun og móttöku einkaskjalasafna skal þess gætt að grisjun eigi sér ekki stað og ekki sé tekið á móti gögnum nema til varðveislu.
- Stefnt skal að því að halda skrá yfir einkaskjalasöfn í einkaeigu sem teljast eftirsóknarverð til varðveislu á safninu í framtíðinni. Skráin er hluti vinnugagna Héraðsskjalasafnsins á Akureyri og felur ekki í sér ákvörðun um hagsmuni, réttindi eða skyldu.

## Gildistími

Gildistími aðfanga- og vörslustefnunnar er fimm ár, frá 1. apríl 2022 til og með 31. desember 2026. Stefnuna má endurskoða ef þurfa þykir á gildistímanum þannig að hún nýtist sem best í starfi Héraðsskjalasafnsins.

Akureyri 1. mars 2022

Lára Ágústa Ólafsdóttir  
héraðsskjalavörður

Samþykkt í bæjarráði Akureyrarbæjar 17. mars 2022